

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar 1984
til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar 1984 til 31. mars 1984:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 500,00
Millifiskur nr. 1	2 300,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 000,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. febrúar 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

13. febrúar 1984

Nr. 112

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Seltjarnarnes nr. 175 4. apríl 1977.

1. gr.

Á eftir 16. gr. komi ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er að starfrækja leiktækjasal eða selja aðgang að leiktækjum, það er spilakössum, knattborðum eða rafeindatækjum, einu eða fleirum, nema með leyfi lögreglustjóra, sem gefur það út að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Leyfið skal gefið út á nafn einstaklings til 1 árs í senn. Skal það vera staðbundið og óframseljanlegt. Leyfi skal gefa út fyrir hvert einstakt leiktæki, samkvæmt nánari skilgreiningu. Bæjarstjórn ákveður leyfisgjald.

Börnum innan 16 aldurs, miðað við fæðingarár, er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Leiktæki má reka frá kl. 15.00—23.30 daglega. Starfsmenn við leiktæki skulu ekki vera yngri en 18 ára og skal starfsmaður ávallt vera viðstaddur þegar leiktækin eru í notkun. Leyfishafi skal kappkosta að hafa góða reglu á staðnum, gæta hreinlætis og að starfsemin valdi ekki ónæði í nærliggjandi húsum, t. d. vegna hátt stemmdra hljómtækja.

Sé á einhvern hátt brotið gegn reglum þessum eða ef starfsemin þykir ekki fara vel úr hendi, má svipta leyfishafa leyfi sínu, enda hafi hann ekki látið segjast við aðvörun.